

**Nd.**

**Sl. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um beittutekju (Þingskj. 22).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga þetta frumvarp, hefir eigi getað orðið á eitt sátt.

Minni hlutinn heldur því fram, að engin þörf sje að setja lög um þetta efni, frekar en gert er með lögum nr. 60, 10. nóv. 1905.

En þar sem þau lög hafa ekki nein sektarákvæði, virðist meiri hlutanum að brýna nauðsyn beri til að setja lög, er hafi ákvæði um sektir, ef lögin yrði brotin.

Sú mótbára minni hlutans, að frumvarp þetta íþyngi sjómannastjett landsins, virðist oss næsta kynleg. Með sama rjetti mætti þá álykta, að öll sektaákvæði

væri óþörf og til þess að íþyngja þeim, er löginn brjóta, en það teljum vjer með öllu rangt.

Þá álitur minni hlutinn, að með ákvæðum 3. gr. laga nr. 60, 10. nóv. 1905 sje nægilega gætt rjettar landeiganda, en vjer verðum að álíta, að þau ákvæði snerti að eins ágang á þurru landi, svo sem á graslendi eða mannvirkjum, en nái alls ekki til þess að netlögin sje hagnýtt í leyfisleysi.

Meiri hlutinn getur ekki verið sammála minni hlutanum um að gjaldið fyrir að leggja áhöld og farvið á land annars manns sje of hátt sett.

Meiri hlutinn telur sektarákvæði 2. gr. frumvarpsins hæfileg, en telur aftur sektarákvæðið í 3. gr. mikils til of lágt, og leggur til að það sje ákveðið allt að 200 kr.

Þá telur og meiri hlutinn sjálfsagt að sektin falli til sveitarsjóðs þar sem brotið er framið.

Af ofangreindum ástæðum ræður meiri hlutinn háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

Við 3. gr. Í stað »20 kr.« komi:

200 kr.

Við 5. gr. Í stað síðustu orða greinarinnar: »af hinna hálfu« komi:  
af þeirra hálfu.

Neðri deild Alþingis, 10. júlí 1914.

Matth. Ólafsson,  
form. og skrifari meiri hlutans.

Skúli Thoroddsen.

M. J. Kristjánsson. Stefán Stefánsson, þm. Eyf.

#### Álit minni hluta nefndarinnar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á frumvarp þetta af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Til eru ákvæði um sama efni og frumvarp þetta fjallar í lögum um beitu-tekju, nr. 60, 10. nóv. 1905. Breytingar frumvarpsins miða allar í sömu átt, þá að gera sjómönnum beitunguna örðugri. Í fyrsta lagi er sú breyting, að samkvæmt frumvarpinu á sjómaðurinn að greiða 2 kr. í hvert skifti sem hann tekur beitu í stað 1 kr. áður. Í skjótu bragði kann svo að virðast, sem þessi hækkun sje ekki þýðingarmikil, en helmingshækkun er það þó, og taka má tillit til þess, að oft er beitan fyrsta skilyrði fyrir að nokkur aflavon sje, auk þess að mikill kostnaður og erfiðleikar eru beitungunni samfara. Verður því hækkunin samkvæmt frumvarpinu all-tilfinnanleg fyrir sjómenn, því að »safnast þegar saman kemur«.

Enn fremur eru allþungar sektir samkvæmt frumvarpinu lagðar bæði við því, ef hlutaðeigandi sjómaður vanrækir að gera ábúanda aðvart um

beitutekjuna sem og fyrir önnur brot á lögnum. En engin sektarákvæði eru í núgildandi lögum um þetta. Virðist heldur ekki ástæða til slíks, þar sem rjettur landeiganda gagnvart sjómanninum er mjög vel trygður með því að honum er bönnuð beitutekjan, án leyfis jarðeiganda, 60 faðma á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Enn skal þess getið, að minni hlutanum virðist lítt við unandi að breyta tiltölulega nýjum lögum, vegna atriða sem ekki skifta því meira máli. Slikt gerir löggjöfina óstöðuga og rýrir skilning og traust almennings á henni.

Samkvæmt þessu leggur minni hlutinn til að frumvarpið sje felt.

Neðri deild Alþingis, 10. júlí 1914.

G. Eggerz.